

AUGLÝSING

133

30. júlí

um breytingar á samþykkt nr. 225 15. desember 1943, um lokunartíma sölubúða í Seyðisfjarðarkaupstað.

Aftan við 1. málsgrein 2. gr. samþykktarinnar bætist: nema á laugardögum kl. 3 síðdegis:

4. málsgrein 2. greinar hljóði þannig:

Á tímabilinu frá 15. maí til 15. september skal á laugardögum loka sölubúðum ekki síðar en kl. 12 á hádegi.

Samþykkt þessi, sem samin er af bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samkvæmt lögum nr. 17 1. febr. 1936, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 30. júlí 1947.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

REGLUGERÐ

134

8. ágúst

fyrir vatnsveitu í Hólmavíkurreppi.

1. gr.

Hreppsnefnd Hólmavíkurrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á því svæði, er hún nær yfir og getur fullnægt, svo og á Hólmavíkurhöfn.

2. gr.

Vatnsveitunefnd, sem kosin er af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna, í samráði við oddvita og hreppsnefnd.

Í vatnsveitunefnd skulu vera 3 menn og aðrir 3 til vara. Vatnsveitunefnd skipar sjálf með sér verkum.

3. gr.

Vatnsveitan lætur leggja aðalvatnsæðar um þorpið svo víða, sem fært þykir, svo að húseigendur eigi greiðan aðgang að þeim í fyrirhuguðu vegarstæði eða götu, er lóðir þeirra liggja að. Frá aðalæðum skulu húseigendur leggja vatnsæðar í hús sín á sinn kostnað.

4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hólmavíkur, skal senda vatnsveitunefnd skriflega umsókn þar um. Umsókninni skulu fylgja upplýsingar um, hve mikið vatn hlutaðeigandi telur sig þurfa að nota.

5. gr.

Skýlt er húseiganda eða lóðareiganda að halda vatnsæðum sínum vel við, og láta tafarlaust gera við þær, ef leki kemur að þeim eða aðrar bilanir. Hann skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Enginn má setja aflvélar í samband